



Lúxemborg 24. nóvember 2005

Fréttatilkynning 05/2005

Dómur í máli E-2/05 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi*

Skattaívilnanir alþjóðlegra viðskiptafélaga á Íslandi andstæðar EES-samningnum

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm þar sem í fyrsta skipti reyndi á 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Samkvæmt þeirri grein getur eftirlitsstofnun EFTA vísað máli beint til EFTA-dómstólsins ef hlutaðeigandi EFTA ríki hlítir ekki ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA innan tilskilins frests.

Dómur sá er kveðinn var upp í dag varðar ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 21/04/COL, dags. 25. febrúar 2004, þess efnis að íslensk löggjöf um sérstakar skattaívilnanir fyrir alþjóðleg viðskiptafélög samræmist ekki 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð, þær skuli leygja af og að endurgreiða beri ólögmæta ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA krafðist þess fyrir EFTA-dómstólnum að Íslandi væri skylt að fara eftir ákvörðuninni. Íslensk stjórnvöld báru fyrir sig í málinu að þeir annmarkar væru á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA að ákvörðunina bæri að dæma marklausa. Þá töldu íslensk stjórnvöld sig hafa uppfyllt skilyrði ákvörðunarinnar. Enn fremur báru íslensk stjórnvöld það fyrir sig að ómögulegt væri að fara eftir skilyrðum ákvörðunarinnar um endurgreiðslu á veittri ríkisaðstoð.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði gerst brotlegt gegn skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum með því að fara ekki eftir þeim ákvæðum er fram koma í ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA. Þar sem íslensk stjórnvöld höfðu ekki mál innan tveggja mánaða til ógildingar á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hafi ákvörðunin orðið bindandi. Dómstóllinn taldi ekki vera fyrir hendi svo alvarlega annmarka á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA að það leiddi til þess að ákvörðunina bæri að dæma marklausa.

EFTA-dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að þær ráðstafanir er íslensk stjórnvöld höfðu gripið til, bæði fyrir og í kjölfar ákvörðunar eftirlitsstofnunar EFTA hefðu ekki verið fullnægjandi til þess að uppfylla skilyrði ákvörðunarinnar. Þá taldi dómstóllinn ekki vera fyrir hendi neinar ástæður fyrir því að skilyrðum um endurgreiðslu á ólögmætri ríkisaðstoð væri ómöguleg að framfylgja.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.